



HRUNAMANNAHREPPUR

22. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 3. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 5. MARS 2020

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2020, þann 5. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Aðalsteinn Þorgeirsson sem varamaður Halldóru Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Sigurður Sigurjónsson, varaoddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Kynningarfundur.**

Á fundinn mættu fulltrúar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, þau Nói Mar Jónsson og Óskar Snorri Óskarsson og Maja Roldsgard forstöðumaður Zero sem kynntu málefni ungmennaráðsins og hugmynd um sérstaka heilsuviku í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn þakkar Ungmennaráðinu fyrir góðan fund og metnaðarfulla hugmynd um heilsuviku. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í stýrihóp um heilsueflandi samfélag, öldungaráð, lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og atvinnu-, ferða- og menningarnefnd.
- 2. Yfirdráttarheimild. Framlenging.**

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Arionbanka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000 sem rennur út um miðjan mars verði framlengd til eins árs og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárþörf sveitarfélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.
- 3. Minnisblað sveitarstjóra: Íbúðir Hrunamannahrepps.**

Varaoddviti kynnti minnisblað þar sem rætt var um breytingar sem hægt væri að gera á íbúðaeign sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að selja Ásastíg 7 og að skoðað verði með kaup á minni íbúð þar sem sótt yrði um stofnframlag til Íbúðalánasjóðs. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að segja upp leigusamningum vegna Smiðjustígs 7a-c með það í huga að húsið verði selt til niðurrifs og byggt verði parhús á lóðinni. Í framhaldinu var rætt um framtíð Ásastígs 6a þar sem núverandi leigjendur hafa sagt upp leigusamningi og ákveðið að húsinu verði ráðstafað til eins árs í senn.
- 4. Breytingar á nefndum Hrunamannahrepps.**

Varaoddviti kynnti erindi frá Sigurjóni Snæ Jónssyni formanni atvinnu-, ferða- og menningarnefndar þar sem hann óskar eftir ótímabundnu leyfi frá nefndarstörfum og Rúnari Guðjónssyni þar sem hann óskar eftir lausn frá nefndarstörfum. Þá liggur einnig fyrir ósk frá D-lista um að gera breytingar á aðal- og varamanni í skólanefnd. Sveitarstjórn samþykkir að veita Sigurjóni Snæ leyfi frá nefndarstörfum og samþykkir að skipa Aron Nökkva Ólafsson sem formann atvinnu-, ferða- og menningarnefndar. Þá samþykkir sveitarstjórn að Hanna Björk Grétarsdóttir verði aðalmaður í nefndinni en Björgvin Viðar Jónsson verði varamaður. Einnig samþykkir sveitarstjórn að Jón Bjarnason verði aðalmaður í skólanefnd en Hanna Björk Grétarsdóttir verði varamaður.
- 5. Villikettir: Beiðni um þjónustusamning.**

Varaoddviti kynnti beiðni frá Villiköttum um að gerður verði samstarfssamningur við félagið. Sveitarstjórn samþykkir að hafna erindinu að svo stöddu.
- 6. Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna: Ágangur tófu.**

Varaoddviti kynnti erindi frá sauðfjárræktarfélagi Hrunamanna þar sem þeir lýsa yfir áhyggjum af ágangi refa í byggð á fuglalíf og búfénað. Sveitarstjórn beinir því til refaveiðimanna sveitarfélagsins að þeir beini kröftum sínum eins og kostur er að refaveiði í byggð. Sveitarstjóra falið að ræða við veiðimenn sveitarfélagsins um lausnir á vandamálinu.

7. **Golfklúbbur Flúða: Endurnýjun samstarfssamnings.**
Varaoddviti kynnti drög að endurnýjun á samstarfssamningi Hrunamannahrepps við Golfklúbb Flúða. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
8. **Óbein niðurfærsla krafna.**
Varaoddviti kynnti tillögu að óbeinni niðurfærslu skammtímakrafna, samtals að fjárhæð kr. 418.681. Sveitarstjórn samþykkir að afskrifa og færa niður skammtímakröfur að fjárhæð kr. 418.681.
9. **ÍBU: Styrkbeiðni.**
Varaoddviti kynnti beiðni frá ÍBU (íþróttaboltafélag Uppsveita) um styrk vegna sameiginlegs knattspyrnuliðs sem keppir í nafni Uppsveita. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfsemi ÍBU um kr. 50.000 og bendir jafnframt á að sveitarfélagið styðji myndarlega við starfsemi knattspyrnudeildarinnar vegna reksturs á knattspyrnuvellinum á Flúðum og annarri aðstöðu. Styrkurinn bókast undir lið 0680.
10. **Reiðhöllin Flúðum: Skipun í stjórn.**
Varaoddviti kynnti erindi um að Hrunamannahreppur þurfi að skipa fulltrúa fyrir sveitarfélögin í stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum. Sveitarstjórn skipar Halldóru Hjörleifsdóttur í stjórnina og þakkar Kristófer Tómassyni fyrir góð störf í stjórninni fyrir hönd sveitarfélaganna.
11. **Félag húsbílaeigenda og 4X4: Breyting á texta náttúruverndarlaga.**
Varaoddviti kynnti erindi frá félagi húsbílaeigenda og 4X4 vegna breytingar á texta náttúruverndarlaga um heimild til að nota húsbíla utan skipulagðra tjaldsvæða. Sveitarstjórn hafnar erindinu með vísan í lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi.
12. **Umhverfisstofnun: Bráðabirgðaryfirlit fyrstu vatnaáætlunar fyrir Ísland.**
Varaoddviti kynnti erindi frá Umhverfisstofnun vegna bráðabirgðaryfirlits um fyrstu vatnaáætlun fyrir Ísland.
13. **Jafnlaunastefna Hrunamannahrepps.**
Varaoddviti kynnti drög að jafnlaunastefnu Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir jafnlaunastefnu fyrir Hrunamannahrepp.
14. **Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Fjárfesting og eftirlit með framvindu á árinu 2019.**
Varaoddviti kynnti erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna fjárfestinga og eftirlit með framvindu á árinu 2019. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sjá til þess að umbeðnar upplýsingar verði teknar saman og sendar til nefndarinnar.
15. **Bókasafn Hrunamanna: Ársskýrsla 2019.**
Varaoddviti kynnti ársskýrslu bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 1.075 og lánaðar voru út 2.079 bækur yfir árið sem er talsverð fjölgun. Að auki voru á skólatíma lánaðar út 404 bækur. Sveitarstjórn þakkar Ingu Jónu fyrir góða skýrslu.
16. **Forsætisráðuneytið: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna. Samráðsgátt.**
Varaoddviti kynnti frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna sem hefur legið inni í samráðsgáttinni. Þá liggur fyrir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsamtaka landeiganda á Íslandi um frumvarpið.
17. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga: Samráðsgátt.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um breytingar á sveitarstjórnarlögum um tekjustofna sveitarfélaga sem hefur legið inni í samráðsgáttinni.
18. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

19. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um þingsályktunartillögu um stöðu barna tíu árum eftir hrun.
20. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum.
21. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um þingsályktunartillögu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

22. **Ungmennaráð Hrunamanna: Fundargerð 3. fundar frá 29. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar ungmennaráðs 29. febrúar s.l. Þar var fjallað um hugmynd að heilsuviku og málþing sem haldið yrði næsta haust. Lagt fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

23. **Fundargerð 191. fundar skipulagsnefndar frá 12. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 191. fundar skipulagsnefndar frá 12. febrúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. janúar.
Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 17: Gröf lóð 5, (tjaldsvæði). Deiliskipulagsbreyting.
Lögð var fram umsókn Guðjóns Birgissonar, dags. 03. febrúar 2020, fyrir hönd Trogs ehf., um óverulega breytingu á deiliskipulagi svæðisins Gröf 5 á Flúðum í Hrunamannahreppi. Breyting þessi er tilkomin vegna færslu á byggingarreit fyrir salerni. Byggingarreitur fyrir miðju svæðisins er breytt úr A2 þjónustuhús í A3 salernisaðstaða og færður innan svæðisins, nær ánni. Stígar í kringum nýja staðsetningu á byggingarreit uppfærðir.
Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin ástæða til að grenndarkynna tillöguna þar sem hún er ekki talin hafa áhrif á þekkta hagsmunaaðila
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telur ekki ástæðu til að grenndarkynna tillöguna þar sem hún er ekki talin hafa áhrif á þekkta hagsmunaaðila
Mál nr. 18: Gröf og Laxárhlið: Deiliskipulagsbreyting.
Lögð er fram umsókn Svanhildar Gunnlaugsdóttur hjá Landform ehf., dags. 4. febrúar 2020, fyrir hönd Hrunamannahrepps um óverulega breytingu á deiliskipulagi á reit M, Gröf og Laxárhlið að Flúðum í Hrunamannahreppi. Breytingin felst einkum í breikkun gatna og til að koma fyrir grasrásum milli götu og gangstétta. Við breytinguna munu breytast lóðarmörk 12 lóða samtals. Umsækjandi telur að ekki sé þörf á grenndarkynningu né að breytingin hafi áhrif á aðra en sveitarfélagið sjálft þar sem lóðunum hefur ekki verið úthlutað.
Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á að tillagan verði grenndarkynnt, þar sem hún hefur ekki áhrif á þekkta hagsmunaaðila.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telur ekki þörf á að tillagan verði grenndarkynnt þar sem hún hefur ekki áhrif á þekkta hagsmunaaðila.
Mál nr. 19: Birtingaholt 1B: Stofnun lóðar.
Lögð er fram umsókn Guðbjargar Guðmundsdóttur, dags. 4. febrúar 2020, fyrir hönd Magnúsar Sigurðssonar, um deiliskipulag á svæði Birtingaholts 1B L176025 í Hrunamannahreppi. Áformað er að á bæjartorfunni verði stofnuð lóð undir íbúðarhús auk bílskúrs allt að 250m² og aukahúss allt að 100m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. janúar s.l.

24. Fundargerð 192. fundar skipulagsnefndar frá 26. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 192. fundar skipulagsnefndar frá 26. febrúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. febrúar.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 10: Fosslækur Hrunamannafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Fosslækjar á Hrunamannafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 8. janúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 11: Mikluöldubotnar Hrunamannafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Mikluöldubotna á Hrunamannafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100m². Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv.4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 8. janúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur á að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 12: Frægðarver Hrunamannafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Frægðarvers á Hrunamannafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 2 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv.4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 8. janúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands,

Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010.

Mál nr. 13: Rofshólar Hrunamannafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Rofshóla á Hrunamannafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 1 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv.4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 8. janúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010.

Mál nr. 14: Heiðará Hrunamannafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Heiðará á Hrunamannafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 7 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv.4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 8. janúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010.

Mál nr. 15: Helgaskáli Hrunamannafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Helgaskála á Hrunamannafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 15ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100m². Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv.4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 8. janúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 16: Efri-Kisubotnar Hrunamannafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Efri-Kisubotna á Hrunamannafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv.4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 8. janúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010.

Mál nr. 17: Grákollur Hrunamannafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Grákolls á Hrunamannafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv.4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 8. janúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18: Svínárnes Hrunamannafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Svínárnes á Hrunamannafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 m². Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsból og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem skálasvæði á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv.4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 8. janúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð. Skipulagsnefnd UTU telur að uppbygging á skálasvæði í Svínárnesi sé ekki tilkynningarskyld framkvæmd, sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lið 12.05 í viðauka.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagalaga nr. 123/2010

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð. Þá telur sveitarstjórn að uppbygging á skálasvæði í Svínárnesi sé ekki tilkynningarskyld framkvæmd, sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 19: Leppistungur Hrunamannaafrétti: Fjallaskáli: Deiliskipulag.

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Leppistungna á Hrunamannaafrétti til samþykktar og auglýsingar skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis. Á staðnum er 70 m² hús sem byggt var árið 1987. Einnig er þar gamalt leitarmannahús. Þessi hús eru notuð sem leitarmannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Einnig er á staðnum 36 m² hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannaafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímamann. Innan lóðar/afmörkunar svæðis eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt verður að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100m². Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst 24. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Þá var deiliskipulagstillagan kynnt með auglýsingu skv.4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þann 15. janúar 2020 með athugasemdafresti til 5. febrúar 2020. Athugasemdir bárust frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Þá liggja fyrir umsagnir með ábendingum frá Forsætisráðuneyti, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Landssambandi Hestamanna.

Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar bárust frá Forsætisráðuneyti og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis.

Skipulagsnefnd UTU telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannaafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Fulltrúum Forsætisráðuneytis hafa verið kynntar tillögurnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannaafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 20: Laugar: Deiliskipulag.

Lögð er fram umsókn Gísla Þorgeirs Einarssonar dags. 30.1.2020 og tillögu dags. 21.2.2020 að nýju deiliskipulagi fyrir um 1,2ha svæði undir 3 gestahús á jörðinni Laugar L166798, í Hrunamannahreppi. Gert er ráð fyrir að stærð hvers húss geti verið allt að 80m² með mænishæð allt að 6,0m. Tillagan er í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 um landbúnaðarsvæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga

nr. 123/2010. Óska skal eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands.

Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. febrúar s.l.

25. Oddvitanefnd UTU bs: Fundargerð vegna seyruverkefnisins frá 21. febrúar s.l.

Varaoddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar UTU bs. vegna seyruverkefnisins frá 21. febrúar. Þar var fjallað um uppgjör seyruverkefnis á árinu 2019, farið yfir ráðningu þjónustufulltrúa og næstu skref verkefnisins rædd. Síðan var farið í skoðunarferð í aðstöðuhúsið sem risið er á Flúðum. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

26. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 37. fundar frá 5. febrúar.

Varaoddviti kynnti fundargerð 37. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál og lagðar fram tillögur að breyttum gjaldskráum vegna fjárhagsaðstoðar, greiðslur vegna stuðningsfjölskyldna og gjaldskrár vegna heimþjónustu. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að gjaldskrárbreytingum en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

27. Bergrisinn bs.: Fundargerð stjórnar frá 21. janúar s.l.

Varaoddviti lagði fram fundargerð stjórnarfundar Bergrisans bs frá 21. janúar s.l. til kynningar.

28. Bergrisinn bs.: Fundargerð stjórnar frá 17. febrúar s.l.

Varaoddviti lagði fram fundargerð stjórnarfundar Bergrisans bs frá 17. febrúar s.l. til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 195. fundur stjórnar frá 7. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Byggðasafn Árneseinga: Fundargerð 6. fundar bygginganefndar Búðarstígs 22 frá 4. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 202. fundar frá 4. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. SASS: Fundargerð 553. fundar stjórnar frá 17. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. SASS: Fundargerð 554. fundar stjórnar frá 7. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 290. fundar stjórnar frá 18. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

g. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Skipting á kostnaði milli sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

h. UTU bs.: Skipting á kostnaði milli sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 878. fundar stjórnar frá 31. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

j. Saurbær, vinnsluhús: 5 og 6. verkfundargerð.

Lagt fram til kynningar.

k. Lánasjóður sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

l. SASS: Samandregin svör sveitarfélaga á Suðurlandi við spurningum átakshóps ríkisstjórnarinnar, dags. 19. desember s.l.

Lagt fram til kynningar.

m. Landgræðslufélag Hrunamanna: Ársreikningur 2019.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

n. Aðalfundur Landsamtaka landeiganda á Íslandi þann 19. mars n.k. á Hótel Sögu.

o. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 26. mars n.k. Grand Hótel Reykjavík.

p. Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga þann 21. apríl n.k. í Þorlákshöfn.

Skýrslur á skrifstofu:

q. Aðalskráning fornminja í Hrunamannahreppi. Áfangaskýrsla I.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:15.